

Ed.

um ófriðartryggingar.

327. Frumvarp til laga

Frá allsherjarnefnd.

I. KAFLI

Stofnun tryggingarinnar.

1. gr.

Setja skal á fót stofnun til að standa straum af tjóni af völdum hernaðar í landinu á fasteignum og lausafé landsmanna, sem ekki er vátryggt á annan hátt eða fæst bætt á öðrum vettvangi. Stofnunin nefnist: Ófriðartryggingin.

Stofnunina skal þó ekki setja á fót fyrr en eitthvert hernaðartjón hefur að höndum borið, og koma lög þessi að engu leyti til framkvæmda fyrr en slíkt tjón hefur átt sér stað.

Trygging sú, er lög þessi fjalla um, nær ekki til þeirra fjármuna í landinu, sem eru í eigu erlendra manna eða stofnana, nema slíkir aðilar séu hér heimilisfastir og greiði hér öll almenn gjöld.

2. gr.

Stofnunin starfar í þrem deildum, fasteignadeild, véla- og tækjadeild og vöru-tryggingardeild. Hafa þær sameiginlega stjórn og bera sameiginlega stjórnarkostnað og annan kostnað af rekstri stofnunarinnar, en að öðru leyti hafa þær aðskilinn fjárhag. Atvinnuáráðuneytið skiptir rekstrarkostnaði stofnunarinnar á deildir hennar.

II. KAFLI

Fasteignatryggingin.

3. gr.

Skylt er að tryggja hjá Ófriðartryggingunni allar húseignir í landinu og önnur mannvirki.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveður, hvað telja skuli tryggingarskyld mannvirki.

Eigendur eða umráðamenn tryggingarskyldra mannvirkja, sem ekki eru í skyldu-tryggingu fyrir eldsvoða, eru skyldir til að senda Ófriðartryggingunni tilkynningar um þau, þegar er hún hefur tekið til starfa.

4. gr.

Landið allt er eitt tryggingarsvæði, en ráðuneytið ákveður með reglugerð eða auglýsingu skiptingu fasteignanna í áhættuflokka með mismunandi iðgjöldum.

5. gr.

Iðgjöld reiknast af brunabótaverði. Húseignir og mannvirki, sem ekki eru virt til brunabóta, skal stjórn stofnunarinnar láta virða sérstaklega, og á sama hátt og til brunabóta væri, með aðstoð brunatryggingarfélaga húseigna, sem starfa á hverjum stað, og skal gera viðaukaskrá yfir þau við brunatryggingarskrárnar.

6. gr.

Við uppgerð á ófriðartjóni skal fylgt þeim reglum, sem farið er eftir við brunatryggingar, að svo miklu leyti sem það getur átt við, og greiða bætur samkvæmt þeirri uppgerð.

Áfallnar bætur eða effirstöðvar þeirra ávaxtast með 5% á ári frá því er tjónið varð og þangað til þær eru greiddar að fullu. Vextir þessir ganga fyrst og fremst til greiðslu umsaminna vaxta af kröfum þeim, á gjalddaga, sem tryggðar eru með þinglesnum veðrétti í fasteign þeirri, sem skemmt hefur eða eyðilagzt. Jafnframt vöxtum greiðast umsamdar afborganir af hinum þinglesnu veðskuldum, og skal draga þær frá bótunum, er þær verða endanlega greiddar. Þó greiðist ekki stærri afborgun af neinni slíkri skuld en sem svarar $\frac{1}{20}$ hluta hinnar upphaflegu veðkröfu, og geta veðhafar eigi krafizt frekari greiðslu, meðan fasteignin er ónothæf eða bætur eigi greiddar að fullu. Færizt greiðsla skuldarinnar aftur um tilsvarandi tíma, sem þarf til að ljúka því af henni með umsömdum afborgunum, sem með þessu móti kann að hafa vangreiðzt, meðan fasteignin var ónothæf eða bætur ekki greiddar að fullu.

Verði eitthvað afgang af téðum 5% vöxtum, þegar lokið hefur verið umsömdum ársvöxtum og afborgunum samkvæmt framansögðu, greiðist það til eiganda fasteignarinnar í lok hvers árs.

7. gr.

Bætur, vextir og afborganir samkvæmt 6. gr. greiðast með iðgjöldum, sem krafín eru af öllum tryggðum húseignum og mannvirkjum, einnig þeim, sem orðið hafa fyrir ófriðartjóni.

Hámark iðgjaldanna samtals er 10% af þeim upphæðum, sem iðgjöld reiknast af.

Ef þessi takmörkun hefur í för með sér, að ekki er hægt að bæta ófriðartjónið að fullu, skulu bætur greiddar úr rikissjóði eftir því, sem fé verður veitt til þess í fjárlögum.

8. gr.

Iðgjöld skulu innheimt, þegar ófriðartjón gefur tilefni til, og geta þau numið allt að 1% á ári af matsverðinu. Innheimtumenn brunabótagjalda innheimta þau eftir sömu reglum og þessi gjöld.

Iðgjöldin hafa lögtaksrétt og veð í fasteignum næst á eftir opinberum gjöldum.

Ef innheimt eru meiri iðgjöld en nægja til að bæta ófriðartjón og allan kostnað að fullu, skal endurgreiða það, sem umfram er, hlutfallslega eftir greiddum iðgjöldum.

9. gr.

Bætur greiðast að jafnaði ekki fyrr en ófriðnum er lokið, sbr. þó 31. gr. og 6. gr. 2. og 3. mgr.

Ráðuneytið ákveður, hverjar bætur skuli greiddar, þegar byggingar eða mannvirki eru ekki endurreist eða er breytt verulega.

10. gr.

Bætur greiðast eigandanum, ef engar þinglýstar kröfur hvíla á eigninni eða hafa verið tilkynntar Ófriðartryggingunni og viðurkenndar af eiganda.

Sama máli gegnir, þó að þinglýstar kröfur hvíli á eigninni eða hafi verið tilkynntar og viðurkenndar, ef byggingar eða mannvirki eru endurreist, eða fullnægjandi tryggingar hafa verið settar fyrir kröfunum, að dómi tryggingarstjórnarinnar. Ella skal greiða kröfuhöfum bætur á undan eiganda og í þeirri röð, sem veð þeirra segja til.

11. gr.

Ef hús er endurreist, eiga þeir leigutakar, sem voru í eldra húsinu, forgangsrétt að leigu í hinu nýja húsi með sömu kjörum og áður, þó með þeim breytingum, sem nauðsynlegar verða að teljast vegna breyttra aðstæðna. Þessa réttar er þó því aðeins hægt að neyta, að vól sé á svipuðu húsnæði og áður í húsinu.

12. gr.

Ófriðartjón skal tilkynna tafarlaust. Sé það ekki tilkynnt 6 mánuðum eftir að tjón hefur orðið, fellur allur réttur til bóta niður.

III. KAFLI

Véla- og tækjategyggingin.

13. gr.

Skýlt er eigendum eða umráðamönnum að tryggja allar vélar og tæki, sem ekki eru tryggð í fasteignatryggingunni, sbr. 3. gr., og eru að minnsta kosti 2000 króna virði, á einum og sama stað.

Setja má nánari reglur um það, hvað telja beri tryggingarskyldar vélar og tæki samkvæmt lögum þessum.

Eigendur eða umráðamenn tryggingarskyldra véla og tækja eru skyldir til að senda Ófriðartryggingunni tilkynningar um slíkar vélar og tæki jafnskjótt sem hún hefur tekið til starfa.

14. gr.

Tryggingarupphæð véla og tækja er brunabótaverðið, nema annað sé tiltekið af tryggingartaka og samþykkt af tryggingarstjórninni.

15. gr.

Brunatryggingarfélagum er skylt að hafa á hendi innheimtu iðgjaldanna. Hámark iðgjalda er 10% af tryggingarupphæðunum og geta numið allt að 2% á ári.

16. gr.

Ráðuneytið ákveður þóknun til brunatryggingarféлага fyrir aðstoð þá, er þau veita samkvæmt lögum þessum.

17. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæðin um fasteignatrygginguna, að svo miklu leyti sem þau geta átt við.

IV. KAFLI

Vörubirgðatryggingin.

18. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef til þess kemur, sbr. 1. gr., að tjón verði af völdum ófriðarins á vörubirgðum eða öðru lausafé í landinu, sem ekki telst til véla og tækja samkvæmt III. kafla þessara laga, að leggja aukaverðtoll á allar innfluttar vörur og sérstakt útflutningsgjald á allar útfluttar vörur. Gjaldi þessu, sem ekki má nema meira en 2 af hundraði af verði varanna, sbr. 19. gr., skal verja til þess að bæta tjón á vörubirgðum og öðru lausafé landsmanna innan lands, sem hlýzt af hernaði í landinu, sbr. 29. gr., að því leyti, sem þessir fjármunir eru ekki tryggðir á annan hátt fyrir slíku tjóni.

19. gr.

Nú verður tjón af völdum styrjaldarinnar á munum þeim, sem um ræðir í þessum kafla, og ákveður þá ríkisstjórnin, sbr. 1. gr., að innheimta skuli gjöld þau, sem um ræðir í 18. gr., frá og með næsta degi eftir að henni berst tilkynning eða hún verður á annan hátt áskynja um tjónið. Ákveður hún þá jafnframt, hvert hundraðsgjald skuli greiða og hversu lengi, eða hvort það skuli innheimt um óákveðinn tíma, þangað til annað verði ákveðið. Gjöldin skulu þá lögð á verð aðfluttra og útfluttra vara eftir sömu reglum og verðtollur og útflutningsgjald, og skulu þau innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs, á sama hátt og verðtollur og útflutningsgjald, og greidd ásamt þeim tollum til ríkissjóðs, sem svo greiðir þau Ófriðatryggingunni. Fjármálaráðuneytið gefur innheimtumönnum ríkissjóðs fyrir mæli um innheimtu gjaldanna, eftir því sem þörf gerist.

20. gr.

Rétt til bóta á hver sá, sem hefur orðið fyrir ófriðartjóni á verðmætum þeim, sem um ræðir í þessum kafla.

Við mat á tjónbótum skal farið eftir almennum reglum um bætur á brunatjóni, að því leyti sem þær eiga við.

Frá matsupphæð tjónsins dregst $\frac{1}{4}$ hluti, þó svo, að frádrátturinn nemi eigi hærri upphæð en 5000 krónum hjá sama manni eða fyrirtæki, og greiðast bætur fyrir tjónið með þeim frádrætti.

21. gr.

Tjón skal tilkynna stjórn ófriðatryggingarinnar áður en vika er liðin frá því er það varð. Tjónkröfur eru fyrndar, ef eigandi eða umráðamaður hinna skemmdu eða glötuðu muna hefur ekki fært sönnur á réttmæti þeirra, áður en þrjú mánuðir eru liðnir frá því, er hann tilkynnti um tjónið og bar fram kröfu um bætur.

22. gr.

Tjón það, sem um ræðir í þessum kafla á öðrum lausafjármunum en vörubirgðum, skal að jafnaði ekki bætt nema að hálfu samkvæmt 20. gr., þegar er það hefur verið gert upp. Hinn helmingur tjónbótanna greiðist að styrjöldinni lokinni.

Sá helmingur bótanna, sem ekki greiðist fyrr en að styrjöldinni lokinni, ávaxtast með 5% á ári til greiðsludags, og fer um greiðslu vaxta og afborgana af lánum, sem tryggð kunna að vera með handveði eða þinglýstu sjálfvörzluveði í hinum skemmdu eða glötuðu munum, á sama hátt og segir í 6. gr. um fasteignaveðlán, eftir því sem við getur átt.

23. gr.

Nú verður svo stórkostlegt tjón á fjármunum þeim, sem um ræðir í þessum kafla, að eigi þykir fært að bæta það að fullu samkvæmt fyrirætlunum 20. gr., og skal það þá bætt að því, sem á vantar, úr rikissjóði, eftir því sem fé verður veitt til þess í fjárlögum.

V. KAFLI

Stjórn Ófriðartryggingarinnar.

24. gr.

Nú verður ríkisstjórnin áskynja um verulegt, sbr. 32. gr., bótaskyld tjón samkvæmt lögum þessum, og gerir hún þá þegar ráðstafanir til þess, að ófriðartryggingin taki til starfa. Skipar atvinnumálaráðuneytið þriggja manna nefnd til að veita tryggingunni forstöðu, en Brunabótafélagi Íslands skal falið að annast daglegar framkvæmdir.

25. gr.

Tryggingarstjórnin ræður matsmenn og aðra starfsmenn eftir þörfum. Skrifstofumenn til viðbótar starfslíði sínu ræður þó stjórn Brunabótafélags Íslands að því leyti, sem fast starfsfólk félagsins kemst ekki yfir hin daglegu störf, sem því eru falin.

26. gr.

Atvinnumálaráðuneytið ákveður þóknun stjórnar Ófriðartryggingarinnar. Enn fremur ákveður ráðuneytið, hvað Brunabótafélagi Íslands skuli greitt fyrir störf þess í þágu Ófriðartryggingarinnar.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

27. gr.

Brunatryggingarfélagum er skyld að aðstoða við skrásetningu þeirra fasteigna, véla og tækja, sem tryggja ber samkvæmt 3. og 13. gr. Einnig ber þeim að veita Ófriðartryggingunni vitneskju um, hvort lausafé, sem um ræðir í IV. kafla laga þessara og glatazt hefur eða skemmt af völdum ófriðarins, hefur verið tryggt gegn eldsvoða hjá þeim, og þá fyrir hve háa upphæð. Enn fremur ber þeim að veita aðrar þær upplýsingar um hlutaðeigandi lausafé, sem óskað verður eftir og þau geta veitt.

28. gr.

Þegar tryggingarstjórnin fær tilkynningu eða berst vitneskja um tjón, er ætla má, að falli undir trygginguna, skal hún strax gera ráðstafanir til þess að fá úr því skorið, hvort um ófriðartjón sé að ræða, og láta meta skaðann.

Um mat á tjóni fer eftir þeim reglum, er gilda um brunatjón, að svo miklu leyti sem þær geta átt við, og skal brunabótaverð lagt til grundvallar fyrir bótagreiðslu á sama hátt og við brunatjón, ef hið tryggða er tryggt gegn eldsvoða.

29. gr.

Ófriðartjón telst hvers konar eyðilegging eða skemmdir á hinu tryggða, sem orsakast beint eða óbeint af hernaði, þar með talin hlutleysibrot og borgaraóeirðir meðan á ófriðnum stendur og í sambandi við hann. Þetta nær þó ekki til skemmda eða óhagræðis, sem menn kunna að verða fyrir vegna vistar hins brezka setuliðs í landinu. Ríkisstjórnin ákveður, hvenær því ástandi, sem að framan greinir, telst vera lokið.

30. gr.

Að svo miklu leyti sem tryggingin bætir ófriðartjón eignast hún kröfur um bætur, sem hinn tryggði kann að eiga á hendur öðrum skaðabótaskyldum aðilum.

31. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur stjórn Ófriðartryggingarinnar, ef allir stjórnarmenn eru því samþykkir, ákveðið að bæta í einstökum tilfellum og að nokkru leyti tjón, sem um ræðir í II. og III. kafla og orðið hefur áður en endanleg uppgerð á tjóni hefur farið fram. Þó skal að jafnaði ekki þá þegar greiða meira en hálfar bætur.

Skilyrði fyrir slíkri undanþágu er, að endurbætur á hinu skemmda byrji þegar í stað og sé lokið innan tiltekins tíma.

Ef tjón samkvæmt II. og III. kafla þarf að bæta eða greiða vexti og afborganir samkvæmt 2. mgr. 6. gr., sbr. 17. gr., og innheimt iðgjöld hrökkva ekki fyrir þeim greiðslum, er heimilt að afla féluginu tekna til bráðabirgða með lánum, sem hafi veð í iðgjöldunum.

Nú þarf að bæta tjón samkvæmt IV. kafla þessara laga, og hrökkva gjöld þau, sem heimilað er að innheimta í þessu skyni, ekki til að bæta tjónið, og er þá ríkisstjórninni heimilt að taka lán eða veita nauðsynlegar tryggingar fyrir láni, er Ófriðartryggingin tekur til þess að hægt sé að bæta ófriðartjón á vörubirgðum eða öðru lausafé, eins fljótt og nauðsyn þer til.

Allur kostnaður við lán eða tryggingar samkvæmt þessari grein skal greiddur á sama hátt og tjónið sjálft.

32. gr.

Nú verður svo lítið tjón, sem bæta þarf samkvæmt lögum þessum, að ríkisstjórninni þykir ekki ástæða til að stofna Ófriðartrygginguna, og greiðir þá ríkissjóður, að styrjöldinni lokinni, bætur fyrir það og kostnað allan, sem leiðir af því. Komi hins vegar verulegt tjón fyrir, skal kostnaður við Ófriðartrygginguna greiddur á sama hátt og það.

Verði afgangur, þegar allt tjón er bætt samkvæmt IV. kafla þessara laga, af verðtolti þeim og útflutningsgjaldi, sem innheimt kann að hafa verið samkvæmt kaflanum, rennur sá afgangur í ríkissjóð.

33. gr.

Heimili og varnarþing Ófriðartryggingarinnar er í Reykjavík.

34. gr.

Öll skjöl varðandi ófriðartryggingar eru stimpilfrjáls. Enn fremur skal Ófriðartryggingin undanþegin sköttum og útsvörum til ríkis og bæjarfélags.

35. gr.

Ráðuneytið getur sett reglugerð um framkvæmd þessara laga eftir því sem þörf þykir.

36. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 1000 kr. nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni atvinnumálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Á síðastliðnu sumri vakti Ásgeir Þorsteinsson, forstjóri Samtryggingar íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, máls á því við ráðuneytið, að nauðsyn bæri til að athuga möguleika og leiðir til þess að koma hér á almennum ófriðartryggingum á fasteignum innanlands.

Ríkisstjórninni var það ljóst, að þetta væri nauðsynjamál, og fór því fram á það við Ásgeir og Brynjólf Stefánsson, forstjóra Sjóvátryggingarfélagss Íslands, að þeir tækju að sér undirbúning málsins og sendu frumdrög að frumvarpi til laga um ófriðartryggingar á fasteignum og á vélum og tækjum, þar sem um meiri háttar verðmæti væri að ræða, og yrði um þetta mál stuðzt við erlenda reynslu og fordæmi, eftir því sem það gæti átt við hérlanda staðháttu. Af því varð þó eigi að sinni, að þeir gætu undirbúið málið, þar eð Brynjólfur Stefánsson forfallaðist frá því sökum veikinda.

Ríkisstjórnin hélt þó málinu áfram, og eftir að hún hafði athugað það, svo sem fäng voru á í bráð, fól hún Ásgeiri Þorsteinssyni forstjóra ásamt þeim Jóni Blöndal, fulltrúa í Tryggingarstofnun ríkisins, og Guðmundi Guðmundssyni, fulltrúa í Sjóvátryggingarfélagi Íslands, að semja uppkast að lögum um ófriðarvátryggingar á fasteignum, vélum og tækjum. Komu þeir fram með tillögur sínar í frumvarpsformi í ágústlok f. á., í samræmi við þau grundvallarsjónarmið, sem stjórnin hafði látið uppi við þá, er hún fól þeim að semja frumvarpið. Er frumvarp það, sem hér liggur fyrir, að því er tekur til trygginga þeirra, sem um ræðir í II. og III. kafla þess, að mestu leyti í samræmi við það frumvarpsuppkast.

Ríkisstjórnin taldi ekki rétt að setja um þetta þýðingarmikla efni bráðabirgðalög og bjóst ekki heldur við, að bráð nauðsyn væri á því að koma tryggingum þessum af stað, eins og ófriðarástandið var í haust, sem og hefur reynzt rétt. Taldi stjórnin því rétt, að málið biði aðgerða Alþingis. En áður en endanlega væri gengið frá frumvarpi um þetta efni, til þess að leggja fyrir Alþingi, komu fram ýmsar óskir um það, að ófriðartryggingin næði einnig til vörubirgða og annars lausafjár, sem að sjálf-sögðu getur verið í sömu hættu fyrir skemmdum af völdum styrjaldarinnar og hús þau, sem slíkir fjármunir eru geymdir í. Ríkisstjórnin leit svo á, að óskir manna um þessar vörubirgða- og lausafjártryggingar væru á fullum rökum reistar, og fól hún því Ásgeiri Þorsteinssyni og Brynjólfi Stefánssyni að athuga það mál og láta henni í té tillögur sínar um það, hvað þeim virtist tiltækilegt í þessu efni. Komu þeir fram með þær tillögur á öndverðu þessu þingi. Tók ríkisstjórnin þá þegar þetta þýðingarmikla mál til endanlegrar gaumgæfilegrar athugunar og hefur rætt það á mörgum fundum og orðið ásátt um, að horið verði fram frumvarp það, sem hér liggur fyrir. Voru tillögur þeirra Ásgeirs og Brynjólfs í aðalatriðum lagðar til grundvallar fyrir IV. kafla lagafrumvarpsins, að því er tekur til ófriðarvátryggingar á lausafé, öðru en því, sem um ræðir í III. kafla frumvarpsins.

Ýmsar þjóðir munu hafa komið á hjá sér líkum tryggingum og hér er um að ræða í þessu frumvarpi. Svíar hafa t. d. gert það og einnig Finnar, til þess að bæta eða jafna niður á landslýðinn því tjóni, sem þeir urðu fyrir í styrjöldinni við Rússa í fyrra vetur. Vegna samgangnaleyfis við meginland Norðurálfu hefur ekki verið hægt að ná í lög þau, sem um þessi efna hafa verið sett í ýmsum löndum, og ensk lög um þetta geta ekki átt við hér vegna þess, hversu ólíkt stendur á hér og þar.

Þó að frumvarp þetta verði að lögum, koma þau lög ekki til framkvæmda, nema hér í landinu verði eitthvert verulegt tjón af eiginlegum styrjaldarathöfnum, svo sem flugvélaárásam, vopnaviðskiptum eða afleiðingum slíks athæfis.

Ófriðartryggingar þær, sem atlazt er til með frumvarpi þessu, að lögfestar verði, eiga að tryggja landsmönnum skaðabætur fyrir ófriðartjón, sem þeir kunna að verða fyrir á eignum sínum og ekki fæst bætt á annan hátt. Eru þær tvenns konar. Annars vegar er vátrygging samkvæmt II. og III. kafla frumvarpsins á fasteignum og vélum,

sem ætlazt er til að eigendur eða umráðamenn hinna vátryggðu verðmæta standi sjálfir straum af með iðgjöldum, á líkan hátt og tíðkast um eldsvoðatryggingar. Hins vegar er vátrygging samkvæmt IV. kafla frumvarpsins á vörubirgðum og öðru lausafé, sem ekki er talið í III. kafla. Er ekki ætlazt til, að hinir tryggðu standi straum af þeirri tryggingu á venjulegan hátt með iðgjöldum, heldur verði lagður sérstakur verðtollur á allar innfluttar vörur og sérstakt útflutningsgjald á allar útfluttar vörur, til þess að bæta með því fé, sem inn kemur á þann hátt, tjón það, sem orsakast kann af hernaði í landinu á verðmætum þeim, sem í IV. kafla frumvarpsins fjallar um.

Ófriðartryggingarnar samkvæmt II. og III. kafla frumvarpsins eru hugsaðar sem skyldutrygging á öllum fasteignum og mannvirkjum, svo og á vélum og tækjum, sem nokkuð kveður að. Bætur þær, sem greiða skal, ef til kemur, miðast við brunabóta-verð hinna tryggðu eigna, eða sérstakt mat samkv. 5. gr. frumvarpsins. Fyrir fjármuni þá, sem um ræðir í IV. kafla frumvarpsins, eiga allir rétt á að fá bætur, ef slíkir fjármunir farast eða skemmast af styrjalदारathöfnum á landi, en krefjast verður þess í tæka tíð og færa sönnur á réttmæti kröfunnar. Getur það að vísu orðið erfitt, þegar hinir glötuðu fjármunir hafa ekki verið vátryggðir fyrir eldsvoða eða virtir til brunabóta.

Bætur samkvæmt þessu frumvarpi verða aðeins greiddar fyrir tjón, sem orsakast af eiginlegum styrjalदारathöfnum ófriðaraðila hér á landi, svo sem vopnaviðskiptum, sprengjuárásum flugvéla o. s. frv., eða afleiðingum slíks athæfis, t. d. eldsvoða, sem hlýzt af flugvélaárásum. Aftur á móti greiðir tryggingin ekki bætur fyrir skemmdir eða annað óhagræði, sem menn kunna að verða fyrir vegna hérvistar brezka setuliðsins, enda hafa Bretar, svo sem kunnugt er, heitið því að bæta allt það tjón, sem þeir orsaka beinlínis.

Um einstök atriði frumvarpsins skal það tekið fram, sem hér fer á eftir.

Um I. kafla.

Kaflinn er um stofnun ófriðartrygginganna og gefur ekki tilefni til frekari athugasemda en þegar er drepið á hér að framan.

Um II. og III. kafla.

Eins og að framan segir, verður fyrirkomulag trygginga samkvæmt þessum köflum líkt og á eldsvoðatryggingum. Landið verður samkv. 4. gr. eitt tryggingarsvæði, en vegna þess, hversu mismunandi ófriðartjónshættan hlýtur að vera á ýmsum stöðum í landinu, er ekki hægt að fara eftir venjulegum eldsvoðatryggingareglum um iðgjöld, heldur verður óhjákvæmilegt að miða þau við hættuna, sem ætla má að vofi yfir á hverjum stað, og skipta fasteignum og öðru tryggingarskyldu verðmæti í áhættuflokka með mismunandi iðgjöldum. Hins vegar má búast við því, ef til flugsprengjuárása eða herskipaárása kemur eða vopnaviðskipta á landi, að svo mikið tjón geti af hlotizt, að telja megi þjóðarógæfu, sem rétt sé, að allir landsmenn taki einhvern þátt í, og þykir því rétt, að allir eigendur tryggingarskyldra verðmæta samkvæmt II. og III. kafla taki þátt í iðgjaldagreiðslu, enda þótt tjónshættan megi sums staðar teljast mjög lítil eða hverfandi.

Mörg af verðmætum þeim, sem ætla má, að ráðuneylið mundi skv. 3. gr. ákveða að skyldi falla undir þessa kafla, sérstaklega II. kafla, eru eftir eðli sínu hvorki tryggingarskyld til brunabóta né tryggð gegn eldsvoða, svo sem steingirðingar, rafstöðvastíflur og hafnarmannvirki, og þarf því að meta þau til tryggingar samkvæmt frumvarpinu. Er gert ráð fyrir því í 5. gr.

Samkvæmt 9. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að bætur verði að jafnaði ekki greiddar fyrir en að ófriðinum loknum. Frá þessu eru þó gerðar undantekningar í 31. gr., þegar gerðar eru ráðstafanir tafarlaust til að endurbæta skemmdir á hinum tryggðu eignum og endurbótunum lokið innan tiltekins tíma. Þá getur tryggingarstjórnin ákveðið að bæta tjónið að nokkru leyti, þó að jafnaði ekki að meira en hálfu leyti. Er þetta gert með það fyrir augum, að það gætið orðið mörgum erfitt, eða jafnvel ókleift, að gera

við miklar skemmdir, ef þeir gætu ekki gert sér von um aðstoð tryggingarinnar til þess fyrr en eftir ófriðarlok, sem ekki er hægt að gizka á, hvenær muni verða. Önnur undantekning frá þessu felst í ákvæðum 2. mgr. 6. gr., þar sem ákveðið er, að áfallnar bætur ávaxtist með 5% á ári, sem fyrst og fremst gangi til þess að greiða með umsamda vexti af þinglesnum veðskuldum, með tryggingu í hinni skemmdu eða eyðilögðu eign. Er þetta gert til þess að draga nokkuð úr tjóni því, sem eigendur þessara verðmæta verða fyrir af því, að eignin sé arðlaus og ónothæf um langan tíma. Þá eru í sömu málsg. ákvæði um það, að tryggingin greiði einnig umsamdar afborganir lána, sem á hinum skemmdu eða glötuðu verðmætum hafa hvílt, og er jafnframt gert ráð fyrir, að greiðslufrestur fái stuttum lánnum. Hefur þótt nauðsynlegt að setja þessi ákvæði til þess að koma í veg fyrir það, að veðhafar geti gengið að veðinu eða væntanlegri hótafjárhæð vegna vanskila á lánnum þeirra, meðan eigandi hefur ekki þær tekjur af eigninni, er geri honum kleift að standa í skilum með umsamdar afborganir.

Iðgjöld eru ekki ákveðin í frumvarpinu, en þó er í 7. gr. tiltekið hámark, sem þau geta ekki farið fram úr samtals, og er það 10% af upphæðum þeim, sem iðgjöldin reiknast af. Er hin sama hámarkshundraðstala ákveðin fyrir vélar og tæki í 15. gr. Árleg iðgjöld af fasteignatryggingunni mega samkvæmt 8. gr. ekki fara fram úr 1% af vátryggingarverði hinnar tryggðu eignar og samkv. 15. gr. í vélatryggingunni ekki fram úr 2% af vátryggingarverðinu. Hefur þótt nauðsyn bera til að gera þennan mun á árgjaldi fasteigna og véla, vegna þess að vélar eru yfirleitt endingarminni verðmæti en fasteignir. Annars er ætlað til, að ráðuneytið ákveði iðgjöldin, þegar til kemur, eftir því sem þá standa efni til.

10. gr. ákveður um greiðslu bóta til veðhafa og eigenda, og eru ákvæðin sett til þess að tryggja rétt veðhafa.

Ákvæði 11. gr. eiga að tryggja mönnum áfram leigurétt í húsum, sem skemmast af hernaði, þegar gert verði við þau.

Það er sjálfsgagt mál, að menn tilkynni tryggingunni, svo fljótt sem auðið er, ófriðartjón, sem menn verða fyrir, til þess að tryggingin hafi jafnan sem gleggst yfirlit yfir ástandið. Nær ákvæði 12. gr. um þetta jafnt til tjóns samkv. II. sem III. kafla.

Samkvæmt 13. gr. er tryggingarskylda á vélum og tækjum, sem eru yfir 2000 kr. virði, og skal tryggingin miðast við brunabótaverð, nema annað sé til tekið af tryggingartaka og samþykkt af tryggingarstjórninni, sbr. 4. gr.

Samkvæmt 8. gr. er gert ráð fyrir, að innheimtumenn brunabóttagjalda innheimti jafnframt ófriðartryggingariðgjöld af fasteignum, og samkvæmt 15. gr. eiga brunatryggingarfélög að innheimta iðgjöld af vélum og tækjum, og yrðu það að sjálfsögðu þau félög, sem vélarnar eru eldsvoðatryggðar hjá, þar sem þær eru yfirleitt tryggðar fyrir eldsvoða, en þau félög munar lítið um að innheimta einnig ófriðariðgjöldin jafnframt eldsvoðaiðgjöldunum. Ráðuneytið ákveður þóknun fyrir innheimtuna samkv. 16. gr. og fyrir aðra aðstoð, sem félögin veita.

Um IV. kafla.

Vörubirgða- og lausafjártryggingu þeirri, sem þessi kafli fjallar um, er fyrir komið á allt annan veg en tryggingunum samkvæmt II. og III. kafla, eins og að framan er sagt. Samkvæmt þessum kafla eru allir lausafjármunir í landinu, sem ekki eru eign erlendra manna eða stofnana, sem ekki eiga hér heimili og greiða skatta og gjöld sem aðrir landsmenn, tryggðir gegn ófriðartjóni að $\frac{3}{4}$ hlutum og að fullu að því er tryggingarverðmætið nemur meira en 20000 krónum, sbr. 20. gr. frv. Þar sem hér er um að ræða allt lausafé landsmanna, annað en vélar og tæki, sbr. III. kafla, og þess er vænzt, að aldrei geti orðið ófriðartjón nema á litlum hluta þess, hefur það þótt of umsvifamikil að heimta inn venjuleg iðgjöld, svo sem af tryggingu til brunabóta, af öllu fólki, sem eitthvert lausafé ætti, enda mundi sennilega aldrei nást til iðgjalda af öllu lausafé. Enda þótt iðgjaldaleiðin hefði verið í mestu samræmi við

það, sem tíðkast um tryggingar yfirleitt, varð því að fara aðra leið, og var valin sú leið að taka iðgjöldin með tolli af öllum innfluttum og útfluttum vörum. Það má að vísu segja, að þetta komi ekki jafnt niður á einstaklingana, miðað við verðmæti lausafjármuna þeirra, sem þeir eiga tryggða, og við skemmdahættu á þeim. Eigi að síður hefur ekki fundizt önnur fær leið í þessu efni en sú, sem farin er í frv. Stærstu verðmætin, sem tryggð eru samkvæmt IV. kafla, eru vörubirgðir, en farist þær, lendir — auk $\frac{1}{4}$ hluta verðmætisins, allt upp að 5000 kr. — á eigandanum iðgjaldið, tollurinn, sem má nema allt að 2%, auk almennrar þátttöku í iðgjaldagreiðslunni.

Við tryggingu sem þá, er hér ræðir um, er svo ástætt, að eigendur hinna tryggðu verðmæta geta engin áhrif haft á það, hvort tjón verður, eins og hugsanlegt er um eldsvoðatryggingar. Er því þannig bægt frá nokkru af þeirri hættu, sem eldsvoðatryggingu er samfara. Á hinn bóginn getur af hernaði hlotizt stórkostlegra tjón á verðmætum en gera þarf ráð fyrir af eldsvoða, t. d. ef kveikt er í bæ á mörgum stöðum í senn og ekki tók á að slökkva víða í einu. Getur þannig hlotizt af slíku þjóðar-ógæfa, sem sanngjarnt er, að allir borgarar þjóðfélagsins taki þátt í, hvort sem eignir þeirra eru í mikilli eða lítilli hættu af styrjaldarathöfnum. Er þar hið sama sjónarmið ráðandi og um fasteigna- og véltryggingarnar, en með skattfyriřkomulaginu er ekki hægt að miðla svo til iðgjaldagreiðslunni eftir áhættunni sem hægt er við hinar tryggingarnar, þar sem landinu má skipta í áhættusvæði með mismunandi iðgjöldum. Verður ekki við þessu gert, enda sjálfsagt, að allir taki a. m. k. þátt í vöru-tryggingunni, með því að greiða sama hundradsgjald af þeim vörum, sem þeir nota, sem sé allt að 2% verðtoll. Vitanlega er áhættan mismunandi fyrir annað lausafé, sem tryggt er með þessum tolli, en það er þó allt tryggt, og hættan er hvergi með öllu útilokuð, þó að hún verði að teljast mjög lítil víða í landinu.

Með 18. gr. er ríkisstjórninni heimilað að láta umræddar tollgreiðslur koma til framkvæmda, ef til þess kemur, að tjón verði á vörubirgðum eða öðru lausafé.

Með 19. gr. er kveðið á um innheimtufyriřkomulag tollanna, sem verður hið sama og annars verðtolls og útflutningsgjalds.

Í 20. gr. er m. a. gert ráð fyrir, að mat á tjónbótum verði framkvæmt á sama hátt og um brunabótatjón, að því leyti sem við á, en það mun vera yfirleitt.

21. gr. svarar til 12. gr. um fasteigna- og véltrygginguna, nema hvað frestirnir eru hér styttri, sem sjálfsagt er, þegar af þeirri ástæðu, að önnur ákvæði eru hér um útborgun bóta, sbr. 22. gr., og erfiðara verður um útvegum allra upplýsinga, er frá líður.

Samkvæmt 22. gr., sem svarar til 9. gr., um fasteigna- og véltryggingarnar, er ætlađ til, að tjón á öðrum lausafjármunum en vörubirgðum verði bætt að hálfu þegar er það hefur verið gert upp, en hinn helmingurinn af bótunum verði ekki greiddur fyrir en í ófriðarlok. Þetta er að vísu riflegra en ákveðið er um fasteignir og vélar, en þetta hefur þótt nauðsynlegt til þess að hjálpa mönnum, sem misst hafa innanstokksmuni sína og fatnað, til að útvega sér hið bráðnauðsynlegasta þegar er tjónið hefur verið gert upp. Um ávöxtun þess bótafjár, sem ekki verður greitt fyrir en að styrjöldinni lokinni, eru hér hliðstæð ákvæði við það, sem samkvæmt 6. gr. gildir um ávöxtun bóta fyrir fasteignir og vélar, svo og um vexti og afborganir af lánum, sem kunna að vera tryggð með veðrétti í hinum glötuðu eða skemmdu lausafjármunum.

Um vörubirgðir er í 22. gr. gert ráð fyrir því, að bætur verði greiddar fyrir þær þegar eftir að ófriðartjón á þeim hefur verið gert upp. Þetta eru hinir einu fjármunir, sem gert er ráð fyrir að bæta þegar er tjónið er uppgert, og stafar það af því, að tryggingin yrði þeim, sem fyrir tjóninu verða, oft að litlu líði, ef ekki fengjust bætur fyrir en í ófriðarlok. Vörubirgðir eru annars eðlis en annað lausafé. Þeim er ætlað að seljast fljótt, til þess svo að nota andvirðið til nýrra vörukaupa eða annars atvinnurekstrar í sambandi við þær, og gæti það valdið eiganda, sem missti þær vegna ófriðareyðileggingar, hinum mestu vandræðum, eða jafnvel gjaldþroti, ef vörubirgðirnar fengjust ekki bætтар fyrir en að ófriði loknum, a. m. k. ef um miklar birgðir væri að

ræða. Þar sem vörubirgðirnar þannig eru ætíð verulegur liður í atvinnu hlutaðeiganda, hefur ekki annað þótt fært en að bæta þær, svo sem gert verður, þegar í stað.

Um bætur fyrir tjón, sem er svo stórfellt, að ekki verður bætt svo sem 20. gr. mælir fyrir, eru ákvæði í 23. gr. hliðstæð því, sem í 7. gr. segir um tjónbætur fyrir fasteignir og vélar.

Um V. kafla.

Samkv. 1. gr. frumvarpsins verður Ófriðartryggingin ekki sett á stofn fyrir en ófriðartjón ber að höndum, og kemur því ekki fyrir til greina að skipa henni stjórn eða aðra starfsmenn nema tjón verði. En um þetta eru ákvæði í 24.—26. gr., og þarf um það engar frekari skýringar.

Um VI. kafla.

Í 27. gr. er brunatryggingafélögum gert að skyldu að aðstoða Ófriðartrygginguna með upplýsingum, sem þau geta veitt um lausafé, sem tryggt hefur verið hjá þeim, en farizt hefur eða skemmt af hernaðarvöldum. Má vænta þess, að Ófriðartryggingunni geti með þessu sparazt margvíslegt vafs og oft fengizt áreiðanlegri upplýsingar um skaðann en ella væri kostur á.

Um matsgerðir á ófriðartjóni eru ákvæði í 28. gr., og er gert ráð fyrir sams konar meðferð yfirleitt að því leyti, sem tíðkast um eldsvoðatjón.

Í 29. gr. er skilgreining á því, hvað telja skuli ófriðartjón, sem falli undir tryggingasvið Ófriðartryggingarinnar.

Það er sjálfsgagt mál, að Ófriðartryggingin eignist kröfur um bætur, sem hinn tryggði kann að hafa á hendur skaðabótaskyldum aðilum, að því leyti sem hún hefur bætt honum tjónið, enda þótt slíkar kröfur mundu yfirleitt reynast lítils virði. Er því rétt, að ákvæði sé um þetta, svo sem 30. gr. gerir ráð fyrir.

Stundum getur staðið svo á fyrir hinum tryggða, að það gæti haft í för með sér mikinn skaða fyrir hann að fá ekki bætur fyrir en að ófriðnum loknum, jafnvel þó að tryggingin standi straum af vöxtum og afborgunum lána samkv. 6. gr. frv. Er stjórn Ófriðartryggingarinnar því með 31. gr. veitt heimild til að bæta tjónið fyrir en ákveðið er í 6. og 9. gr., að meira eða minna leyti. Yrði þetta helzt gert, þegar gera þarf við skemmdir á húsum, til þess að þau verði nothæf, eða þegar húseigandi treystist til að endurreisa hús, sem eyðilagzt hefur, með því eina móti, að hann fái til þess meiri eða minni stuðning hjá tryggingunni.

Í þessari sömu grein er heimilað að taka lán til þess að geta staðið í skilum með vexti og afborganir eða bætur, ef svo færi, að iðgjöldin nægi ekki til þessa jafnóðum og þau falla í gjalddaga, sem vel getur komið fyrir, einkum á byrjunarstigi trygginganna, ef allstórfellt tjón bæri að höndum snemma á tryggingatímanum.

Fari svo, að tjónið verði stórkostlegra en svo, að Ófriðartryggingin geti risið undir því með þeim iðgjöldum og tollum, sem henni eru ætluð til þess, verður að koma til kasta löggjafarvaldsins um niðurjöfnun á því og fjárveitingu úr ríkissjóði í því skyni, svo sem gert er ráð fyrir í 7. og 20. gr. frv.

Ef svo fer, að ekkert tjón verður, sem ætlazt er til að bætt verði samkvæmt lögum þessum, verður Ófriðartryggingin aldrei sett á stofn og því enginn kostnaður af henni. Verði tjónið svo óverulegt, að ríkisstjórninni þyki ekki taka því að setja allt það umstang af stað, sem tryggingin hlýtur að hafa í för með sér, skal Ófriðartryggingin ekki stofnuð, heldur greiðir ríkissjóður tjónið að styrjöldinni lokinni. Er ákvæði um þetta í 32. gr. Þar er einnig gert ráð fyrir, að hugsanlegur afgangur af verðtolti og útflutningsgjaldi samkv. IV. kafla falli til ríkissjóðs að öllu tjóni greiddu.

33.—36. gr. gefa ekki tilefni til athugasemda.